

Fréttabréf

FIT



8. ÁRGANGUR // 3. TÖLUBLAÐ // DESEMBER 2010



**Kjaramálaráðstefna
Félagsfundir
Afhending sveinsbréfa
Heldrimannaferð**

Dagbókin 2011



Dagbókin 2011 er komin úr prentun. Bókin er sem fyrr sérhönnuð til að halda utanum tímaskriftir þannig að félagsmaðurinn geti skráð vinnutíma og við hvað er unnið á hverjum degi og síðan borið saman við launaseðil. Bókin hefur reynst mjög gagnleg ef upp hefur komið ágreiningur við launagreiðanda. Þá er mikill fróðleikur í bókinni s.s. flóðatafla o.fl.

Desemberuppbót fyrir árið 2010 miðað við fullt starf er kr. 46.800

Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelldt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember.

Iðnnemar fá nú greidda desemberuppbót í samræmi við vinnuframlag, þ.e. þurfa ekki að hafa skilað 12 vikum í vinnu á árinu.

Reikniregla fyrir iðnnema og starfsmenn hluta úr ári. 46.800 deilt með 45 - sinnum unnar vikur (líka des.) þá fæst út upphæð á desemberuppbót.

Þar sem um er að ræða vinnu hluta úr degi má fara þá leið að deila í kr. 46.800 með 1800 klst. = 26 krónur og margfalda þær með tímafjölda starfsmanns í dagvinnu á árinu = desemberuppbót. ATH að reikna með áætl-aðan tímafjölda desember.

Desemberuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum.

TIL ATHUGUNAR ALLAN ÁRSINS HRING

Áunna desemberuppbót og orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótanna. Sama gildir um öll laun þar með talið orlof.

Fréttabréf FIT
3. tbl. 8. árg. des. 2010

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Umbrot og prentun: prentun.is



Afslættir

Á heimasíðu FIT, neðst til hægri, er hægt að fara inná tengilinn „afslættir til félagsmanna“. Þar má finna allmörg fyrirtæki sem veita félagsmönnum afslátt gegn framvísun á félagsskírteininu.

Bridge

Áfram verður haldið að spila bridge í Borgartúni 30 eftir áramótin. Dagsetningar og tími verða auglýst á heimasíðunni þegar dagskráin liggur fyrir.



Nýtt félagsskírteini 2011

Fit hefur nú gefið út ný félagsskírteini sem send verða út fyrir áramót. Nýja skírteinið er eins og þau sem gefin hafa verið út undanfarin ár, harðspjalda plast og vandað að allri gerð. Á skírteininu er sérstakt aðgangsnúmer sem gildir fyrir aðgang viðkomandi að orlofsvef FIT og fyrir þátttöku í könnunum ef um þær verður að



ræða á heimasíðunni. Skírteinið ætti alltaf að hafa meðferðis. Með því sanna menn félagsaðild þína á vinnustað eða fundum félagsins sé þess óskað en einnig opnar það þér aðgang að afsláttarkjörum sem FIT hefur samið um við eistök fyrirtæki.

Út í bláinn

Út í bláinn eru skemmtilegar útivistarferðir sem FIT og Fagfélagið standa að. Um er að ræða skemmtiferðir sem farnar eru síðasta sunnudag í hverjum mánuði frá hausti til vors. Mæting er við Borgartún 30 kl. 13 þar sem tilkynnt er um áfangastaðinn og yfirleitt tekinn léttur og skemmtilegur göngutúr.

Síðasta ferðin á vorin er jafnan veglegust og þá mætt fyrir og ekið með rútu eitthvað út í bláinn.

Fylgist með á heimasíðum félaganna þar sem alltaf getur þurft að hnika til tíma af ófyrirséðum orsökum, svo sem veðri.

Hvernig vinnið þið kröfugerðina?



Þessi spurningu er oft varpað fram þessa dagana. Það er líka eðlilegt að fólk spyrji um þetta því ekki tóku allir þátt. En er þetta þá bara fámenn klíka sem kemur að stefnumótuninni? Aðferðafræðin er mismunandi eftir félögum og samningum líka, þ.e. hvort um er að ræða samninga sem ná til fárra eða fjölda einstaklinga. FIT valdi þá leið eins og öll önnur félög í Samiðn að láta samningsumboðið liggja inni hjá Samiðn og er kröfugerðin því sameiginleg og sett fram í nafni Samiðnar.

Allt trúnaðarráð FIT var boðað til fundar 7. október þar sem farið var yfir stöðuna, málin rædd og hugmyndum varpað fram. Fundurinn var afar vel sóttur og gagnlegur og góður undirbúningur fyrir framhaldið, sem var kjaramálaráðstefna Samiðnar. Blásið var til mikillar ráðstefnu þann 15. október sem flest félög í Samiðn sendu fulltrúa á. Alls mættu milli 60 og 70 manns og byggði fundurinn á hinni svokölluðu þjóðfundarleið. Þegar fundurinn var boðaður höfðu jafnframt verið sendir út spurningalistar sem fulltrúar áttu að kynna sér fyrir fund. Unnið var á 5 borðum og var virkni og þátttaka afspyrnu góð og fundargestir almennt ánægðir í ráðstefnulok. Með þjóðfundarfyrirkomulaginu gafst öllum kostur á að taka þátt og tjá sig, leggja fram skriflegar tillögur í kröfugerðina og að loknum umræðum við borðið fengu allir 5 atkvæði sem þeir gátu lagt á þær tillögur (kröfur) sem þeir vildu helst veita brautargengi.

Þannig fóru hóparnir borð frá borði og fjölluðu um mismunandi viðfangsefni á hverju borði fyrir sig. Borðstjórar og ritara þeirra sáu svo um atkvæðatalningu og skýrslugerð og unnu ásamt framkvæmdastjóra Samiðnar að úrvinnslunni sem svo var lögð fyrir miðstjórn Samiðnar. Samiðn hélt einnig sambærilega ráðstefnu með trúnaðarmönnum frá ríki og sveitarfélögum sem einnig var lögð fyrir miðstjórn. Af þessu má ráða að það er fjölmennur hópur trúnaðarmanna sem á heiðurinn af kröfugerðinni, en hana má lesa í heild sinni hér aftar í blaðinu. Þess má einnig geta að miðstjórn Samiðnar er jafnframt samninganefnd Samiðnar.

ÁHERSLUR

Á hvað verður lögð áhersla í komandi samningum? Það sem helst verður lögð áhersla á eru þeir þættir eða tillögur sem flest atkvæði hlutu í heild þegar allt hafði verið talið saman á kjaramálaráðstefnunni. Það má segja að varðandi launaliðinn verði áherslan lögð á kaupmáttaraukningu og þá væntanlega með launahækkun og aðgerðum sem stuðluðu að því að verðbólgan éti hækkunina ekki strax upp. Þar mundi samningstími og þá um leið hvernig hækkunin dreifðist á samningstímabili hafa mest að segja. Stjórnmalámennt hafa tafið endurreisnina á efnahagslífinu að öþörfu. Þannig mun það takka lengri tíma að vinna sig úr þeim vanda sem þjóðin er í en það hefði þurft að gera. Hér er ekki við ríkisstjórnina eina að sakast, heldur allir sem sitja á alþingi bera þessa ábyrgð.

Í öðru lagi verður lögð mikil og þung áhersla á jöfnun lífeyrisréttinda. Sá mikli munur milli almenna markaðarins og starfsmanna hjá hinu opinbera. Ekki er nóg með að greiðslur launagreiðenda séu hærri í sjóði hjá ríki og sveitarfélögum heldur er verðbótaþáttur þeirra að mestu tryggður þannig að þegar þeir sjóðir rýrna vegna verðbólgu eða áfalla eins og urðu í hrininu hefur það ekki áhrif á lífeyrisgreiðslur til þeirra opinberu starfsmanna sem eru í B-sjóði. Flestir ef ekki allir sjóðir á almenna markaðnum hafa á sama tíma orðið að skerða réttindi sinna félaga. Auðvitað getur tekið einhver ár að jafna þennan rétt en það er nauðsynlegt ef sátt á að nást í samfélaginu. Þetta kostar uppstokkun og fækkun sjóða en ójöfnuðurinn er sífellt að aukast svo ekki verður lengur við unað.

Þriðja atriðið sem ég vil nefna snýr eingöngu að iðnaðarmönnum en það er krafa um endurskoðun á iðnaðarlögunum. Lögin eru barn síns tíma og hafa í raun aldrei náð að þjóna tilgangi sínum að fullu. Það þarf að skerpa á ýmsu þar og ekki síst að skoða viðurlagsákvæði, þ.e. hver refsingin er við brotum.

Ég vona að félagsmenn FIT, fjölskyldur þeirra og landsmenn allir eigi gæfurík jól og að bjartsýni og farsæld nái aftur völdum á Íslandi á komandi ári.

Hilmar Harðarson, formaður



Kjaramálaráðstefna

Föstudaginn 15. október var haldin kjaramálaráðstefna á vegum Samiðnar. Vel var mætt og höfðu ráðstefnugestir margt til málanna að leggja. Undanfarið hefur verið unnið úr óskum og tillögum sem fram komu og er niðurstaðan eftirfarandi:

AÐFERÐAFRÆÐI Í SAMNINGAVIÐRÆÐUM

Samiðn leiði kjarasamninga fyrir hönd aðildarfélaga sambandsins en sameiginleg mál sem snúa að ríkisvaldinu verði á sameiginlegu borði ASÍ. Lögð verði áhersla á að kjarasamningar taki til allra og um þá myndist þjóðarsátt þ.e. þríliða samningur milli ríkis, atvinnurekenda og launamanna. Það sem samið verði um við ríkið verði bundið í lögum.

Samstarf við iðnaðarmenn

Lögð er áhersla á að iðnaðarmanna samfélagið hafi náðið samstarf við kjarasamningagerðina. Skoða þarf sérstaklega hvort æskilegt sé að semja á undan opinberu félögunum eða ekki og ræður þar mestu hvort takast muni að mynda samstöðu um þjóðarsátt.

SAMNINGSTÍMINN

Ef samið verði til 3ja ára þarf samningurinn að

innihalda skýr endurskoðunarákvæði. Ákvörðun um endurskoðun á að vera á ársfresti og í höndum stéttarfélaganna sjálfra.

RÉTTINDI Í KJARASAMNINGUM

Fjölskylduréttur

Veikindaréttur vegna veikinda barna verði útvíkkadur og nái til fjölskyldunnar þ.e. maka, foreldra og langtímaveikinda unglunga. Skoða að hækka viðmiðunarlínu (er 13 ár) frá því sem er í dag í langtímaveikindum

Áunninn réttur

Aukið verði við og jafnaður rétturinn til að flytja áunninn réttindi milli atvinnurekenda. Einnig taki það til þess að flytja réttindi á milli almenna vinnumarkaðarins og opinberra geirans



JÖFNUN LÍFEYRISRÉTTAR

Lögð verði áhersla á jöfnun lífeyrisréttinda milli almennu lífeyrissjóðanna og þeirra opinberu. Horft verði til þess að jafna ábyrgð atvinnurekenda á lífeyrisréttindum s.b. ábyrgð ríkisins á réttindum opinberra starfsmanna.

Samræmdur orlofsréttur

Samræma orlofsréttinn milli almenna vinnumarkaðarins og þess opinbera, miða ávinnslu við lífaldur.

LAUNA OG LAUNAKERFI KJARASAMNINGA

Ábyrgð og menntun

Tekið verði enn frekar en gert er í dag tillit til ábyrgðar og menntunar við uppbyggingu launataxta og tryggja jöfn laun óháð kyni.

Launaprepum verði fjölgað og nái til 10 ára starfsreynslu í starfsgreininni

Launahækkanir

Umsamdar launahækkanir komi á alla launataxta. Skoða hvort hægt sé að tengja hækkun kaupataxta við launaskrið svo bilið milli þeirra og greiddra launa aukist ekki á samningstímanum. Við ákvörðun um launahækkanir verði horft til þess að það náist fram kaupmáttaraukning. Launahækkanir verði í prósentum.

ALMENN ATRÍÐI

Kennitölufلاكk, undirverktakar, iðnlöggjöfin og starfsmannaleigur

Endurskoða reglur um útgáfu nýrra kennitalna þegar um gjaldþrot er að ræða og lögbinda að ekki megi gefa út nýja kennitölu fyrr en eftir nokkur ár. Settar verði skorður við nafnaskiptingu fyrirtækja.

Setja skýrari reglur um undirverktöku m.a. til fjölda undirverktaka þ.e. hversu mörg þrep af undir-

verktöku megi vera. Settar verði skýrari reglur um ábyrgð aðalverktaka á skyldum undirverktaka gagnvart réttindum sem byggja á kjarasamningi og skilum á opinberum gjöldum.

Skýra atvinnurekendaábyrgð starfsmannaleiga og ábyrgð þeirra gagnvart kjarasamningum.

Skoða stöðu einyrkja og tryggja þeim atvinnuleysisbætur án þess að þurfa að leggja af alla starfsemi.

IÐNLÖGGJÖFIN

Endurskoða iðnlöggjöfina með það að markmiði að gera viðbrögð við brotum markvissari og settur verði skýr refsiramma vegna brota á löggjöfinni. Fjölga þeim iðngreinum sem hafa löggildingu og um leið þeim sem falla undir iðnlöggjöfina. Tryggja að starfsheiti komi fram á starfsmannaskírteinum.

SAMEIGINLEG MÁL

Velferðarkerfið:

Endurskoða á niðurskurð í heilbrigðiskerfinu og þá sérstaklega á landsbyggðinni. Tryggja að örorku- og ellilífeyri hækki til samræmis við verðbólgu eins og samningar gera ráð fyrir. Koma í veg fyrir skerðingar á fæðingarorlofi og lengja það þegar horft er til framtíðar.

Gert verði lágmarks framfærsluviðmið og það notað við ákvörðun um atvinnuleysisbætur

Skattamál:

Foreldrar geti nýtt persónuafslátt skólabarna sinna 16-18 ára. Hækka vaxta- og barnabætur og hækka skattleysismörk (talan 200.000 nefnd þar).

Persónuafslátturinn verðtryggður og skattleysismörkin miðist við lágmarksframfærslu. Ekki hækka um skattþrep þó séreignarsparnaður sé tekinn út.





Kjaramál ríkis og sveitarfélaga

Trúnaðarmenn Samiðnar hjá ríki og sveitarfélögum voru boðaðir til fundar miðvikudaginn 3. nóv. til að ræða kjaramál fyrir komandi samninga við þá aðila. Niðurstöður fundarins verða hafðar að leiðarljósi í viðræðunum en þær voru þessar helstar:

KJARAMÁL:

- Samningstími verði tvö til þrjú ár með rauðum strikum þar sem félagsmönnum gefst tækifæri á að kjósa um endurskoðun hans ef forsendur bresta.
- Samræma starfskjör hjá ríki og sveitarfélögum (kaup og kjör)
- Nýr samningur taki við frá fyrsta degi þegar núgildandi kjarasamningar renna út.
- Víkka út veikindarétt vegna veikinda maka eða náins fjölskyldumeðlims
- Verðtryggja laun ef verðtrygging verður áfram á lánnum

FÉLAGSLEGA KERFIÐ:

- Endurvekja verkamannabústaðakerfið
- Heilbrigðiskerfið taki til allra sjúkdóma þ.á.m. augna og tanna

SKATTAMÁL:

- Hækka persónuafslátt og skattleysismörk

LÍFEYRISMÁL:

- Jafna lífeyrisréttindi við opinbera starfsmenn
- Réttur til makalífeyris frá lífeyrissjóðum haldist óbreyttur út ævina

LAUNAMÁL:

- Auka og tryggja kaupmátt launa
- Miða laun garðyrkjufræðinga hjá Reykjavíkurborg við laun garðyrkjufræðinga hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur prófastdæmis.
- Fjölga aldursþrepum í launatöflu
- Tekið verði sérstakt tillit til þeirra starfsmanna sem ekki hafa fengið endurnýjaðan kjarasamning frá 2008



Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Ársfundur ASÍ samþykkir breytingar á lögum

Ársfundur ASÍ var haldinn dagana 21.-22. október. Fyrir fundinum lágu meðal annars tillögur um breytingar á lögum sambandsins sem voru samþykktar. Aðild að ASÍ breytist á þann veg að aðild að landsambandi eða staða sem landsfélag verður ekki lengur skilyrði fyrir aðild að ASÍ. Einstök aðildarfélög geta því valið að standa utan landssambanda en haldið aðild sinni að ASÍ.

Lagabreytingarnar fela ennfremur það í sér að í stað ársfunda komi æðsta stofnun ASÍ saman á þingum á tveggja ára fresti. Fundur formanna aðildarfélaganna ASÍ og formanna aðildardeilda sambandanna fær nú form-

lega stöðu í lögum ASÍ og kemur saman á milli þinga.

Jafnframt var samþykkt að mynda sérstök samtöku fólks (ASÍ-UL) á aldrinum 18-35 ára í aðildarfélögum ASÍ. Ungt fólk komi saman á sérstöku þingi í tengslum við þing ASÍ. Stjórn samtakanna, 9 manns, mun eiga rétt til setu á fundum ASÍ með fullum réttindum og formaður samtakanna tekur sæti á fundum formanna aðildarfélaganna.

Ársfundur ASÍ samþykkti einnig ályktanir í átta málaflokkum. Ályktanirnar voru afrakstur vinnu tæplega þrjú hundruð ársfundarfulltrúa sem fór fram í málstofum með þjóðfundarformi.



Hilmar Harðarson og Rúnar Bogarson ásamt nýsveinum

Útskrift sveina í Vestmannaeyjum

Nýsveinar fengu afhent sveinsbréf í Vestmannaeyjum 23. október. Um var að ræða 8 húsasmiði. Hilmar Harðarson formaður FIT fór til Vestmannaeyja og afhenti sveinsbréfin í samsæti sem haldið var þeim til heiðurs, en Rúnar Bogason varastjórns-

armaður í FIT og íbúi í Eyjum var formanninum til aðstoðar. Allir sveinarnir fengu afhentan skjöld frá félaginu og gjafabréf frá Iðunni-fræðslusetri. Telja verður að miðað við mannfjölda sé nokkuð gott að átta húsasmiðir útskrifist í einu í Vestmannaeyjum.



Ljósmyndir teknar á ársfundi ASÍ



Dansað í kringum jólatréð á jólaballi 2009

Jólaball

Jólaball iðnfélaganna í Borgartúni 30 hefur verið fastur liður í starfseminni um margra ára skeið. Aðsóknin hefur þó farið minnkandi undanfarin ár og er nú svo komið að félögin telja ekki grund-

völl til að halda það lengur. Það hefur því verið ákveðið að **EKKI** verði jólaball í ár, en þess í stað verði peningunum sem sparast varið til góðgerðarmála.





Sveinn Ingason, Ragnar B. Ingvarsson og Jóhann Þór Halldórsson

Faggreinafundur bílgreina

Haldinn var faggreinafundur á bílgreinasviði þann 22. nóvember. Dagskrá fundar var kynning á bílgreinasviði Íðunnar og hvernig hægt er að nýta CAPAS tjónamatskerfið.

Ragnar B. Ingvarsson, sviðsstjóri bílgreinasviðs hjá Íðunni kynnti starfsemina á sviðinu og námskeiðshald þess. Þá fór hann yfir hvernig ætti að bera sig að við að sækja námskeið. Ragnar sagði að stofnaðar hefðu verið fagnefndir við sviðið bæði fyrir bílamálara og bílasmiði en enn ætti eftir að stofna fagnefnd bifvélavirkja. Með stofnun þessara nefnda fengist góður stuðningur við sviðið og fram kæmi hvað vantaði. Þá kynnti Ragnar hvað væri á döfinni og hvaða námskeið væru í undirbúningi. Að lokum svaraði hann fyrirspurnum fundarmanna.

Jóhann Þór Halldórsson starfsmaður CABAS á

Íslandi fór yfir hvernig hægt er að nýta CABAS tjónamatskerfið. CABAS er gagnagrunnur sem heldur utan um upplýsingar sem kallaðar eru fram vegna hversar viðgerðar og spannar alla þætti sem við eiga og taka þarf tillit til í viðgerðarvinnunni. Í kerfinu fást upplýsingar um skiptitíma varahluta, þann tíma sem það tekur að taka sundur og setja saman. Einnig kemur það í veg fyrir tvíverknað með því að halda utan um verkferla. CABAS reiknilíkanið hefur þróast með tímanum í fullkomið forrit og er því í dag mikilvægt tæki til að meta kostnað við viðgerðir, t.d. tjónaviðgerðir á bílum.

Jóhann svaraði fyrirspurnum fundarmanna sem voru fjölmargar. Mikið var spurt út í reksturinn á kerfinu sem og rekstur Íðunnar. Fundurinn stóð í tæpar fjórar klukkustundir og var líflægur og gagnlegur.





Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður Starfs- og endurmenntadeildar Landbúnaðarháskóla Íslands

Græni geirinn

Þann 23. nóvember s.l. stóð FIT fyrir fundi á náttúrunýtingarsviði (græni geirinn) Gestir fundarins voru Guðríður Helgadóttir forstöðumaður Starfs- og endurmenntadeildar Landbúnaðarháskóla Íslands og Yngvi Þór Loftsson umsjónarmaður skipulagsverkefna hjá Landmótun, teiknistofu landslagsarkitekta.

Fyrst fjallaði Guðríður um starfsemi garðyrkju-reinar Landbúnaðarháskólans. Hún sagði um 60 nemendur vera í námi í dag þar af 20 í fjarnámi. Fjarnámsnemendur eru þó bara á hálfum hraða þar sem flestir vinna með náminu. Lögð er áhersla á verk-

efnavinnu sem eykst eftir því sem líður á. Náminu lýkur svo með sveinsprófi. Prófið samanstendur af ýmiskonar skrudgarðyrkjuverkefnum eins og hellulögn, útplöntun og uppbindingu trjáa, landmælingum og trjáklippingum. Sú breyting hefur orðið á prófinu að öllu - nema trjáklippingunum - hefur verið steipt saman í eitt verkefni sem nemendur leysa í ákveðnum verkroömmum sem þeir fá úthlutað en klippingar fara fram við eða í nágrenni skólans. Hellulagnir eru stór hluti sveinsprófsins þar sem nemar útfæra hellulögn eftir teikningu.

Guðríður sagði kennara skólans vera gífurlega



Tryggvi Arnarson, varaformaður FIT



Yngvi Þór Loftsson, Landmótun



áhugasama og það væri helst á milli 3 og 5 á nóttunni sem þeir gæfu sér tíma til að líta upp frá verki. Að lokum fjallaði hún um ýmis innri mál skólans og svaraði spurningum.

Tryggvi Arnarson varaformaður FIT skýrði fundarmönnum frá því að FIT hefði fengið í arf frá 3 félögum reiti uppi í Heiðmörk. Þessum reitum hefði á sínum tíma verið úthlutað til félaga í bílasmíði, pípulögnum og blikksmíði. Hann sagði félagið hafa áhuga á að vinna með þessa reiti sem nú væri lítið sem ekkert sinnt. Hann sagði að nú væri unnið að deiliskipulagi á Heiðmörkinni og það því næst

Yngva Þór Loftsson frá Landmótun að kynna tillögur sem fyrir lægju.

Yngvi fór yfir og skýrði ótal kort sem unnin hafa verið með tilliti til gróðurs, landslags, minja, nýtingar o.fl. Hann kvað hugmyndir að skipulaginu miða að því að tengja betur stíga, hvort sem væri til göngu eða hjólræða, bæta aðgengi og aðstöðu á núverandi útivistarstöðum og fjölga líka þeim stöðum þar sem hægt yrði að grilla og njóta úti-
vistar með fjölskyldunni.

Fundarmenn spurðu um margt og lýstu að lokum yfir mikilli ánægju með fundinn.

Sameining Félags tækniteiknara við FIT

Þriðjudaginn 29. júní s.l. voru haldnir tveir félagsfundir í FIT þar sem samþykkt var einróma að Félag tækniteiknara sameinaðist Félagi iðn- og tæknigreina. Sameiningin tók gildi frá og með 1. ágúst 2010. Í félagi tækniteiknara voru um 80 félagsmenn og fengu

tækniteiknarar 4 menn og 4 til vara í trúnaðarráð FIT. Ekki þótti grundvöllur fyrir því að fjölga í stjórn en stjórn FIT hefur samþykkt að fyrirverandi formaður tækniteiknara sitji stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. FIT býður tækniteiknara velkoma í félagið

Félagsfundur í Vestmannaeyjum.

Formaður FIT fór til Vestmannaeyja þann 26. nóvember og hélt fund með heimamönnum. Á fundinum fór hann yfir stöðu kjaramála og kröfugerð í komandi samningum. Vel var mætt á fundinn þó að um hádegisfund væri að ræða og höfðu fundarmenn margt til málanna að leggja í formi fyrirspurnar og ábendinga. Aðspurður sagði Hilmar að fundurinn hefði tekist með ágætum og að alltaf væri jafn gott að sækja Eyjar heim.





Kristján Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins.

Félags- og faggreinafundur

Félags- og faggreinafundur var haldinn 24. nóvember í Borgartúni 30. Stefán Úlfarsson frá ASÍ fór yfir kjarapróun. Hann sagði kreppuna hvíla eins og skugga yfir væntanlegum kjarasamningum. Hann taldi að koma þyrfti meiri snúning á hjól atvinnulífsins, atvinnuleysi væri um 7,5% og komandi kjarasamningar yrði að setja í samhengi við heildarmyndina. Stefán fór yfir þróun kaupmáttar undanfarna mánuði og svaraði fyrirspurnum úr sal.

Hilmar Harðarson formaður FIT fór yfir kröfugerð Samiðnar sem unnið hefur verið að undanfarið. Mikill vilji er fyrir þríhliða „þjóðarsátt“ þó væri mikil tortryggni í garð stjórnvalda og því hölluðust menn

að því að binda yrði í lög það sem samið yrðu um við stjórnvöld. Mikil áhersla yrði á jöfnun lífeyrisréttinda og prósentuhækkun launa. Hilmar fór einnig yfir kröfur sem unnar hafa verið vegna samninga við ríkið og sveitarfélög og svaraði fjölmörgum fyrirspurnum.

Kristján Örn Sigurðsson framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins rakti helstur kennitölur og rekstrarkostnað lífeyrissjóðanna almennt. Stóran þátt í rekstri sjóðanna sagði hann vera í hugbúnaði og sameiginlegum rekstri hans. Hann taldi að sameina þyrfti sjóði og fækka þeim í 6 til 7. Miklar og fjöruar umræður spunnust og svaraði Kristján mörgum spurningum.





Minning +

Guðlaugur Kristinn Karlsson



Guðlaugur Kristinn Karlsson, stjórnarmaður í FIT og fyrrverandi formaður Múrarafélags Reykjavíkur lést þann 21 október s.l. á líknardeild Landsspítalans í Kópavogi.

Guðlaugur eða Gulli eins og hann var ávallt kallaður, starfaði við múrverk og störf því tengdu þar til hann var kosinn formaður Múrarafélags Reykjavíkur árið 2005. Þá um leið varð hann starfsmaður þess félags eða þar til Múrarafélag Reykjavíkur sameinaðist FIT 1. janúar árið 2009. Eftir það var hann stjórnarmaður og starfsmaður FIT til dánardægurs.

Gulli var góður samstarfsmaður, hafði góða nærveru og átti auðvelt með að umgangast fólk. Hann var góður vinur, traustur og ráðgóður í alla staði eða eins og sagt er; hann var vinur vina sinna. Það er erfitt að kveðja góðan samstarfsmann, félag og vin en falleg minning um Guðlaug Karlsson býr í hjörtum okkar allra. Um leið og við þökkum traust og óeigingjörn störf vottum við fjölskyldunni dýpstu samúð okkar.

STJÓRN OG STARFSFÓLK FIT

Nýsveinar fá afhent sveinsbréf

Föstudaginn 1. október fékk 141 nemi í 7 iðngreinum afhent sveinsbréf á sameiginlegri hátíð sveina- og meistarafélaga í bílgreinum, byggingagreinum og málm- og véltæknigreinum sem haldin var í Kiwanishúsinu Engjateigi. Flestir luku sveinsprófi í húsasmíði eða 66 talsins. 14 bifvélavirkjar, 19 pípulagningamenn, 16 mál-

arar, 12 múrarar, 7 bifreiðasmiðir og 7 bílamálarar fengu einnig afhent sveinsbréf.

Í tilefni dagsins héldu Félag iðn- og tækni-greina, Fagfélagið og meistarafélögin nýsveinunum veglegt hóf þar sem kennarar, meistarar, makar, ættingjar og vinir samglöddust með nýsveinunum.



Múrarar



Bílamálarar



Bifreiðasmiðir



Hilmar Harðarson, formaður FIT



Bífvélavirkjar



Málarar



Pípulagningarmenn



Húsasmiðir



Hermann
Guðmundsson



Ólafur S.
Magnússon



Ármann Ægir
Magnússon

Vinnustaðaskírteini

FIT hefur tekið virkan þátt í framkvæmd laga um notkun vinnustaðaskírteina. Markmið vinnustaðaskírteina og eftirlits á vinnustöðum er að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Samráðsnefnd ASÍ og SA hefur veitt sérstökum eftirlitsfulltrúum heimild til að annast eftirlit og hafa þeir rétt skv. l. nr. 42/2010 til aðgangs að vinnustöðum og heimild til að krefja atvinnurekanda og launamenn hans um að sýna vinnustaðaskírteini. Skulu þeir skrá niður upplýsingar og senda áfram til opinberra aðila s.s. RSK og Vinnumálastofnunar.

Byggingastarfsemi, mannvirkjagerð, rekstur

gististaða og veitingarekstur fellur í fyrstu undir gildissvið samkomulagsins og er miðað við ÍSAT2008 flokkun atvinnurekanda í fyrirtækjaskrá RSK. Samkomulag ASÍ og SA afmarkar einnig hvaða starfsmenn innan þessara atvinnugreina falla undir eftirlitið.

Atvinnurekandi skal útbúa eða láta útbúa kort sem hefur að geyma upplýsingar sem tilgreindar eru í lögum og samkomulagi ASÍ og SA. Nálgað má dæmi um skírteini á vefnum, www.skirteini.is en einnig eru þar upplýsingar um aðila sem bjóða upp á prentun plastkorta. FIT hefur í dag á að skipa þrem eftirlitsfulltrúum en ráðgert er að fjölga þeim fljótlega.





Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs

Félags- og faggreinafundur í Reykjanesbæ

Félags- og faggreinafundur var haldinn 25. nóvember í Reykjanesbæ.

Stefán Úlfarsson hagfræðingur ASÍ fór yfir kjaraþróun síðustu ára. Þar kom fram að meðaltekjur iðnaðarmanna hafa lækkað um 15% á síðastliðnum 3 árum. Stefán sagði að atvinnuleysi virtist fara minnkandi meðal iðnaðarmanna en það er 12 til 13% í dag og taldi hann mikið atriði að tekið yrði á hinu mikla atvinnuleysi hér á landi svo það festist ekki í sessi eins og í mörgum nágrannalöndum okkar. Hann taldi að þrátt fyrir hóflegar kauphækkanir í komandi kjarasamningum gæti það gefið okkur aukinn kaupmátt þar sem verðbólga væri komin niður í 2,6%.

Hilmar Harðarson fór yfir kröfugerðina og sagði frá kjaramálaráðstefnu Samiðnar sem haldin var í október síðastliðinn. Hann sagði að lögð yrði áhersla

á að iðnaðarmannafélögin hefðu náið samstarf við komandi samningagerð og ef samið verði til 2 til 3 ára yrði það gert með skýrum endurskoðunarákvæðum. Nokkur umræða var um undirverktöku og kennitölufلاك. Hilmar svaraði fjölmörgum fyrirspurnum um kröfugerðina frá félagsmönnum.

Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs fór yfir stöðu sjóðsins og þakkaði félaginu fyrir þetta frumkvæði að bjóða sér að kynna starfsemi Festu lífeyrissjóðs. Gylfi sagði að umsóknum um örorku hafi fjölgað mikið á árinu 2009 en fækkað aftur árið 2010. Hann sagði að fáir eða engir lífeyrissjóðir á Íslandi kæmu til með að ná því markmiði að ná 3,5% raunávöxtun á árinu 2010. Mikil umræða var um lífeyrissjóðsmálin og svaraði Gylfi síðan fjölmörgum fyrirspurnum úr sal.





Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Skills Ísland

Mánudaginn 15. nóvember voru stofnuð í lðnskól-
anum í Hafnarfirði samtök um Íslandsmót iðn- og
verkgreina og samstarf við erlend félög um keppnir.
Samtökin hafa vinnuheitið Skills Ísland á meðan
verið er að vinna í því að finna íslenskt nafn á þau.

MARKMIÐ SAMTAKANNA ERU AÐ:

- auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar
- bæta ímynd iðn- og verkgreina
- halda Íslandsmót iðn- og verkgreina annað
hvert ár
- vekja athygli á tækifærum sem felast í námi og
starfi í þessum greinum
- vera samstarfsaðili við erlenda aðila og samtök
sem vinna á sama grunni.

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmála-
ráðherra flutti ávarp við þetta tækifæri. Hún taldi
að keppnir væri góð aðferð til að kynna iðn- og

verknám fyrir ungu fólki og lýsti yfir ánægju með
þetta framtak. Jóhannes Einarsson skólameistari
lðnskólans í Hafnarfirði ávarpaði samkomuna og
rakti sögu Íslandsmóts iðn og verkgreina fram til
þessa og þátttöku Íslendinga í keppnum erlendis.
Þá hvatti hann ráðherra til að hafa áhrif á ríkis-
útvarpið svo ráðamenn þess sýndu þessum
keppnum áhuga og sýndu frá þeim í sjónvarpi.

Stofnendur samtakanna eru:

Bílgreinasambandið, FBM, lðnaðarmannafélagið í
Reykjavík, lðnmennt, MATVÍS, Meistarasamband
byggingarmanna, Rafiðnaðarsambandið, SAF,
Samiðn, Samtök iðnaðarins, SART og VM

Heimsmeistaramót iðngreina Worldskills verður
haldið í London 5. til 8. október 2011.

Næsta Íslandsmeistaramót iðngreina verður í
mars 2012.





Keppendur í pípulögn fengu glaðning frá BYKO

Íslandsmót iðn- og verkgreina 2010

Íslandsmót iðn- og verkgreina var haldið í Vetrargarðinum í Smáralind dagana 18. – 19. mars s.l. Mótið var fjölbreytt og skemmtilegt en þar öttu kappi 130 manns, allt ungt fólk, ýmist nemar eða nýútskrifaðir sveinar í faggreinunum. Keppt var í yfir 20 faggreinum auk þess sem fleiri greinar voru með sýningu á aðferðum og tækni.

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Ingi Bogi Bogason frá Samtökum iðnaðarins settu mótið og hófst keppni kl. 9:30. Verðlaunaafhending var kl. 18:00 á föstudegnum.

Íslandsmót iðn- og verkgreina er einstakur viðburður, og má segja að sjaldan hafi gefist jafn gott

tækifæri að kynnst jafn mörgum starfsgreinum á sama tíma. Keppnin í ár var sú stærsta sem haldin hefur verið á Íslandi til þessa. Svona keppni er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á iðn- og verkgreinum og kynna þær almenningi, ekki síst ungu fólki, og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og störfum í iðngreinum.

Íslandsmót iðn og verkgreina er auk þess tækifæri fyrir ungt fólk til sýna fram á færni sína og kunnáttu í iðn- og verkgreinunum. Tekist er á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, skipulagshæfileika og fagmennsku. Mótin eru haldin annað hvert ár og verður næsta Íslandsmót haldið í mars 2012.





Bogi Sigurðsson og Sveinn Ingason, fararstjóri

Heldrimannaferð FIT

Farið var í heldrimannaferð FIT 25. september 2010. Þátttaka að þessu sinni var með allra besta móti þrátt fyrir heldur dapurt veðurútlit. Finnbogi heitinn Eyjólfsson sem leitt hefur þessar ferðir mörg undanfarin ár sagði gjarnan að það væri alltaf sólskin í ferðum hjá heldri mönnum FIT. Hann hefur eflaust verið með í anda að þessu sinni, því viti menn, fljótlega stytta upp, vind lægði og sólin sýndi sig.

Það voru 75 heldri menn af höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi sem stefndu upp í Borgarfjörð undir styrki og öruggri fararstjórn Sveins Ingasonar ritara FIT, sem jafnframt var óþreytandi að fara með vísur og gamanmál. Einnig voru með í ferðinni þeir Hilmar Harðarson, formaður, Ármann Ægir Magnússon, gjaldkeri og Ólafur S. Magnússon, stjórnarmaður og þjónustufulltrúi.

Haldið var í Borgarnes og skoðuð ný verkstæðisbygging Brákarsunds ehf í boði Halldórs Haraldssonar bifvélavirkja. Þar voru sagðar sögur og sungið af hjartans list.

Þá var haldið að Hraunsnefi í Norðurárdal og snæddur hádegisverður. Þar tók Gísli Brynjólfsson nokkur lög á harmónikkuna fyrir félagana og kynnti einnig geisladisk sem hann hefur gefið út. Einnig gripu í nikkuna þeir Bogi Sigurðsson og Konráð Fjeldsted.

Næst var haldið að Hvanneyri. Þar tók á móti hópnum Guðmundur Hallgrímsson sem leiddi menn í kirkju og rakti sögu staðarins, einnig var farið í Ullarsetrið, Búvélasafnið, og endað í fjósinu þar sem hópurinn kynntist nýjustu tækni við mjaltir.

Frá Hvanneyri hélt hópurinn í félagsheimili hestamanna í Borgarnesi þar sem drukkið var kaffi, súkkulaði og borðaðar pönnukökur. Þá þöndu nikkuna Lárus Lárusson, Konráð Fjeldsted, og Bogi Sigurðsson. Haldið var heim á leið um kl.17:30. Tókst ferðin vel í alla staði og var þáttur Sveins Ingasonar sérlega rómaður vegna skemmtilegrar og góðrar fararstjórnar og mál manna að þarna væri verðugur arftaki Finnboga Eyjólfssonar fundinn.







MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

EKKI MISSA AF KJARABÓT

Séreignarsparnaður tryggir þér mótframlag frá vinnuveitanda þínum. Vegna mótframlagsins og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séreignarsparnað.

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séreignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum.

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • lifeyrir.is